

**2. fundur sveitarstjórnar haldinn að Hlíðavegi 6,  
27. júní 2018 og hófst hann kl. 09:15**

**Fundinn sátu:**

Helgi Héðinsson oddviti, Sigurður Böðvarsson varaoddviti, Friðrik K. Jakobsson varamaður, Halldór Þorlákur Sigurðsson aðalmaður, Alma Dröfn Benediktsdóttir varamaður og Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri

**Dagskrá:**

Sveitarstjórn vottar aðstandendum Finns Baldurssonar dýpstu samúð. Sviplegt fráfall hans er áfall fyrir okkur öll. Finnur starfaði um áratugaskeið í kjörstjórn Skútustaðahrepps ásamt því að sinna ýmsum félagsstörfum í sveitarfélaginu af stakri þryði. Á sama tíma og við syrgjum góðan vin minnumst við Finns með gleði í hjarta fyrir þann einstaka lit sem hann gaf lífinu með sögum, vísum, vinskapi og góðmennsku sinni.

Oddviti óskaði eftir því að bæta einu máli við á dagskrá með afbrigðum:

Hálendismiðstöð í Drekaáli: 1806008

Samþykkt samhljóða að bæta málinu við á dagskrá undir dagskrárlið nr. 8 og færast önnur mál sem því nemur.

Oddviti býður Ölmum Dröfn Benediktsdóttur velkomna á sinn fyrsta sveitarstjórnarfund.

**1. Skútustaðahreppur: Uppgreiðsla lána og fjárvarsla – 1806035**

*Sveitarstjóri og oddviti lögðu fram minnisblað um uppgreiðslu lána og fjárvörslu vegna söluhagnaðar á hlut sveitarfélagsins í Jarðböðunum hf. Langtímaskuldir sveitarfélagsins eru tæpar 35 m.kr. og samanstendur af tveimur lánnum hjá Íbúðalánasjóði og eitt hjá Lánasjóði sveitarfélaga.*

*Tekið er mið af minnisblaði sveitarstjóra dags. 3. okt. 2017 sem lagt var fyrir sveitarstjórn. Í samræmi við minnisblaðið er lagt til að sveitarfélagið greiði upp langtímaskuldir og verði þar af leiðandi skuldlaust, hluti af hagnaðinum fari í innviðauppbýggingu og leitað verði tilboða til fjármálastofnana um fjárvörslu þar sem markmiðið er að hámarka ávöxtun án þess að taka áhættu með fjármuni sveitarfélagsins þar sem um fjórðungur af söluhagnaðinum fari í varasjóð. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.*

**2. Skútustaðahreppur: Framkvæmdir 2018 - 1803023**

*Sveitarstjóri fór yfir fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun ársins 2018. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2018 eru áætlaðar 47 m.kr. vegna malbikunarframkvæmda, umferðaröryggisáætlunar og gatnagerðar við Reykjahlíðarskóla í ár. Þar sem kostnaður við malbikunarframkvæmdir var að hluta vanáætlaður og einnig til að ljúka við framkvæmdir og flýta hluta af þeim sem áætlað var að fara í á næsta ári, er óskað eftir viðauka við fjárhagsáætlun 2018.*

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða sem er í samræmi við samþykkt sveitarstjórnar um innviðauppbýggingu í kjölfar sölnnar á hlut sveitarfélagsins í Jarðböðunum. Viðauki að upphæð 29.500.000 kr. (nr. 13 - 2018) verður fjármagnaður með handbæru fé.*

**3. Nefndakjör: 2018-2022 - 1806028**

*Kosning í nefndir samkvæmt 39. gr. samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps og fundarsköp.*

*Oddviti lagði fram tillögu um breytingar á fastanefndum sveitarfélagsins:*

- Atvinnumálanefnd verði atvinnumála- og framkvæmdanefnd.*
- Félags- og menningarmálanefnd verði velferðar- og menningarmálanefnd.*
- Skólanefnd verði skóla- og félagsmálanefnd.*

*Óbreyttar verði landbúnaðar- og girðinganefnd, skipulagsnefnd og umhverfisnefnd.*

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða og felur oddvita og sveitarstjóra að leggja fram drög að breytingum um stjórn og fundarsköp sveitarstjórnar Skútustaðahrepps og erindisbréfum nefnda fyrir næsta sveitarstjórnarfund.*

*Fyrir sveitarstjórn liggja tillögur um kjör fulltrúa í fastanefndir, ráð og aðalfundi 2018-2022.*

*Atvinnumála- og framkvæmdanefnd*

*Aðalmenn:*

*Anton Freyr Birgisson H-listi*

*Heiða Halldórsdóttir H-listi*

*Friðrik Jakobsson H-listi*

*Sigurbjörn R. Björgvinsson N-listi*

*Edda Hrund Guðmundsdóttir H-listi*

*Varamenn:*

*Guðmundur Þór Birgisson H-listi*

*Hallgrímur Páll Leifsson H-listi*

*Kristján Sævarsson H-listi*

*Sólveig Erla Hinriksdóttir N-listi*

*Arnheiður R. Almarsdóttir H-listi*

*Landbúnaðar- og girðinganefnd*

*Aðalmenn:*

*Böðvar Pétursson H-listi*

*Halldór Árnason H-listi*

*Álfdis Sigurveig Stefánsdóttir N-listi*

*Varamenn:*

*Jóhanna Björg Jóhannsdóttir H-listi*

*Egill Freysteinnsson H-listi*

*Hermann Kristjánsson N-listi*

*Skóla- og félagsmálanefnd*

*Aðalmenn:*

*Alma Dröfn Benediktsdóttir H-listi*

*Arnar Halldórsson H-listi*

*Þuríður Pétursdóttir H-listi*

*Sylvía Ósk Sigurðardóttir N-listi*

*Helgi Amar Alfreðsson H-listi*

*Varamenn:*

*Linda Björk Ámadóttir H-listi*

*Þuríður Helgadóttir H-listi*

*Helgi Héðinsson H-listi*

*Þórhalla B. Jónsdóttir N-listi*

*Elísabet Sigurðardóttir H-listi*

*Skipulagsnefnd*

2. fundur sveitarstjórnar

*Aðalmenn:*

*Arnþrúður Dagsdóttir H-listi*

*Selma Ásmundsdóttir H-listi*

*Pétur Snæbjörnsson H-listi*

*Agnes Einarsdóttir N-listi*

*Birgir Steingrímsson H-listi*

*Varamenn:*

*Hinnik Geir Jónsson H-listi*

*Margrét Halla Lúðvíksdóttir H-listi*

*Hólmgeir Hallgrímsson H-listi*

*Jóhanna Njálsdóttir N-listi*

*Bergþóra Kristjánsdóttir H-listi*

*Umhverfisnefnd*

*Aðalmenn:*

*Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir H-listi*

*Sigurður Guðni Böðvarsson H-listi*

*Arna Hjörleifsdóttir H-listi*

*Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir N-listi*

*Ragnar Baldvinsson H-listi*

*Varamenn:*

*Bergþóra Hrafnhildardóttir H-listi*

*Aðalsteinn Dagsson H-listi*

*Bergþóra Kristjánsdóttir H-listi*

*Ingi Þór Yngvason N-listi*

*Sigurður Erlingsson H-listi*

*Velferðar- og menningarmálanefnd*

*Aðalmenn:*

*Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir H-listi*

*Dagbjört Bjarnadóttir H-listi*

*Sæmundur Þór Sigurðsson H-listi*

*Jóhanna Njálsdóttir N-listi*

*Ólafur Þröstur Stefánsson H-listi*

*Varamenn:*

*Jóhanna Jóhannesdóttir H-listi*

*Eva Humlova H-listi*

*Kristveig Halla Guðmundsdóttir H-listi*

*Ásdís Illugadóttir N-listi*

*Arnþrúður Dagsdóttir H-listi*

*Kjörstjórn*

*Aðalmenn:*

*Edda Stefánsdóttir*

*Fríðrik Lange*

*Elín Steingrímsdóttir*

*Varamenn:*

*Hrafnhildur Geirsdóttir*

*Þorlákur Páll Jónsson*

*Agla Rögnvaldsdóttir*

*Brunavamanefnd - Sameiginleg með Þingeyjarsveit*

*Aðalmaður:*

*Sveitarstjóri*

*U.A.*

2. fundur sveitarstjórnar

Varamaður:  
Helgi Héðinsson

Fulltrúaráð Héraðsnefndar Þingeyinga

Aðalmenn:  
Helgi Héðinsson  
Elísabet Sigurðardóttir

Varamenn:  
Sigurður Guðni Böðvarsson  
Dagbjört Bjarnadóttir

Menningarmiðstöð Þingeyinga

Aðalmaður:  
Sigurður Böðvarsson  
Varamaður:  
Dagbjört Bjarnadóttir

Barnavemdarnefnd Þingeyinga, fulltrúi Skútustaðahrepps  
Nína Björg Sæmundsdóttir

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, fulltrúi Skútustaðahrepps  
Helgi Héðinsson

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga, fulltrúi Skútustaðahrepps  
Anna Hjörleifsdóttir

Aðalfundur Eypings

Aðalmenn:  
Helgi Héðinsson  
Sveitarstjóri  
Varamenn:  
Dagbjört Bjarnadóttir  
Margrét Halla Lúðvíksdóttir

Samband íslenskra sveitarfélaga

Aðalmaður:  
Helgi Héðinsson  
Varamaður:  
Sveitarstjóri

Hvammur - Dvalarheimili aldraðra sf.

Aðalmaður:  
Sigurður Guðni Böðvarsson  
Varamaður:  
Dagbjört Bjarnadóttir

Grenjaskyttur  
Ingi Þór Yngvason  
Gunnar Rúnar Pétursson

Fjallskilastjóri  
Birgir V. Hauksson

Ráðgjafanefnd um friðlýst svæði

Sigurður Guðni Böðvarsson

Samþykkt samhljóða.

**4. Ráðning sveitarstjóra - 1806005**

Lögð fram drög að ráðningasamningi við núverandi sveitarstjóra. Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða og felur oddvita undirritun hans fyrir hönd sveitarstjórnar.

**5. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála: Mál nr. 132/2016, frávísun - 1806034**

Lagður fram úrskurður frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála dags. 19. júní 2018 þar sem nefndin vísar frá kæru Fjöreggs, félags um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi í Mývatnssveit, og Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtökum Íslands, um athafnaleysi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps og á ákvörðunum hennar um útgáfu framkvæmdaleyfis 22. september 2002 og 16. september 2004. Lagt er fyrir sveitarstjórn Skútustaðahrepps að svara erindi kæranda frá 7. október 2016.

Kærendur gerðu þær kröfur að sveitarstjórn verði gert að hlutast til um að láta leyfishafa, Landsnet, fjarlægja vegslóða af borplani við rannsóknarborholu í Leirhnjúkshrauni. Jafnframt var þess krafist að ógiltar verði ákvarðanir Skútustaðahrepps er hafi heimilað leyfishafa að útbúa borteig, vegslóða og bora rannsóknarholur í Leirhnjúkshrauni, eða á svæði því sem nefnt sé vestursvæði Kröflu í gögnum.

Skútustaðahreppur krafðist þess að kærinni yrði vísað frá þar sem kærendur eigi ekki lögvarða hagsmuni í málinu. Þá hvíldi frávísunarkrafan á því að ekkert liggi fyrir um aðgerðarleysi af hálfu Skútustaðahrepps. Þegar kæra hafi borist hafi sveitarfélaginu verið gefinn nokkurra daga frestur til að taka málið til umfjöllunar. Eðli máls samkvæmt hefði sveitarfélaginu borið, á grundvelli rannsóknarreglu, að kalla eftir afstöðu hlutaðeigandi aðila áður en ákvörðun yrði tekin. Þá hafi Skútustaðahreppur með ákvörðun dags. 26. október 2016, veitt leyfishafa framkvæmdaleyfi fyrir Kröflulínu 4 þar sem umræddur vegslóði í Leirhnjúkshrauni verði hluti af varanlegum línuvegi. Í því felist að ný ákvörðun hafi verið tekin um stöðu vegslóðans gagnvart löggjöf um mat á umhverfisáhrifum og skipulag. Þar af leiðandi sé skilyrði sem hafi falist í úrskurði umhverfisráðherra dags. 13. maí 2003, fallið niður.

Fram kemur í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar að grundvöllur þessa máls hafi breyst nokkuð frá því kæra barst úrskurðarnefndinni en einnig liggur fyrir að erindi kæranda er ósvarað. Úrskurðarnefndin vísar því kærunni frá en sveitarstjórn þarf að svara erindi kæranda frá 7. okt. 2016.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að óska eftir afstöðu Fjöreggs og Landverndar til þess hvort þau sjái ástæðu til þess að draga erindið frá 7. okt. 2016 til baka í ljósi niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar. Jafnframt er skipulagsnefnd og sveitarstjóra falin frekari málsmeðferð komi til þess.

Halldór Þorlákur Sigurðsson vék af fundi við umræður og afgreiðslu málsins.

**6. Gísli Rafn Jónsson: Kæra vegna útboðs skólaaksturs - 1806031**

Lagt fram bréf frá kærunefnd útboðsmála dags. 15. júní 2018 þar sem tilkynnt er um kæru Gísla Rafns Jónssonar vegna niðurstöðu Skútustaðahrepps í útboði skólaaksturs í Skútustaðahreppi. Kærandi krafðist stöðvunar útboðs/samningagerðar fyrir miðvikudaginn 20. júní s.l. Athugasemdum og fylgigögnum skal skila inn eigi síðar en 4. júlí n.k.

Sveitarfélagið skilaði inn athugasemdum til kærunefndarinnar dags. 19. júní s.l. vegna stöðvunarkröfunnar þar sem sveitarfélagið taldi engar forsendur til að samþykkja stöðvun samningsgerðar þar sem samningar við báða aðila sem samið

*Handwritten signature*

var við um skólaaksturinn, samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar 23. maí 2018, voru undirritaðir 14. júní s.l.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra og lögmanni sveitarfélagsins að senda kærunefndinni athugasemdir og gögn fyrir hönd sveitarfélagsins eigi síðar en 4. júlí.

**7. Drekaðil: Deiliskipulag smávirðjunar - 1706012**

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillögunar svo breytta þar sem komið hefur verið til móts við innkomnar athugasemdir/umsagnir skv. svörum nefndarinnar. Jafnframt felur sveitarstjórn skipulagsfulltrúa að annast málsmeðferð vegna gildistöku tillögunnar eins og 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

**8. Hálandismiðstöð í Drekaðili: Breyting á deiliskipulagi. - 1806008**

Sveitarstjórn samþykkir að tillaga að breytingu á deiliskipulagi hálandismiðstöðvar í Drekaðili verði grenndarkynnt fyrir nágrönnum og öðrum hagsmunaaðilum eins og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Jafnframt felur sveitarstjórn skipulagsfulltrúa málsmeðferð vegna grenndarkynningarinnar með vísan í fyrrnefnda lagagrein.

Sveitarstjórn tekur undir óskir skipulagsnefndar um að gert verði heildarskipulag fyrir svæðið.

**9. Hólasandur: Breytingar á aðalskipulagi - 1802004**

Sveitarstjórn samþykkir að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 í þá veru að skilgreint verði nýtt iðnaðarsvæði 382- I vegna nýs seyrulosunarsvæðis á Hólasandi. Jafnframt felur sveitarstjórn skipulagsfulltrúa að auglýsa breytingartillögunar skv. 1.mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að lokinni athugun Skipulagsstofnunar eins og 3. mgr. 30. gr. fyrrnefndra laga mælir fyrir um.

**10. Skútustaðahreppur: Breyting á aðalskipulagi, gámasvæði við Grímsstaði - 1806027**

Vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna fórst fyrir að framfylgja samþykkt sveitarstjórnar skv. bókun skipulagsnefndar. Þar sem engar forsendur hafa breyst frá fyrri samþykkt skipulagsnefndar og staðfestingar sveitarstjórnar felur sveitarstjórn skipulagsfulltrúa að senda breytingartillögunar til Skipulagsstofnunar ásamt athugasemdum og umsögnum sveitarstjórnar um þær eins og 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um. Jafnframt felur sveitarstjórn skipulagsfulltrúa að senda þeim sem athugasemdir gerðu afgreiðslu og umsögn sveitarstjórnar um athugasemdirnar og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar.

**11. Vogabú ehf: Breyting á deiliskipulagi - 1804021**

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna nýrrar lóðar undir starfsmannahúsi í Vogum 1 og felur skipulagsfulltrúa málsmeðferð vegna gildistöku tillögunar eins og 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

**12. Snjómokstur: Samningar - 1805026**

Sveitarstjóri lagði fram kostnaðaryfirlit vegna snjómoksturs á heimreiðum í sveitarfélaginu. Ekki eru til skriflegir samningar við verktaka og misræmi er í einingaverði.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að endurskoða snjómokstursreglur sveitarfélagsins og felur sveitarstjóra að leggja fram tillögu að samræmingu á gjaldskrá.

Sigurður Guðni Böðvarsson vék af fundi við umræður afgreiðslu málsins.

**13. Félagsþjónusta: Þjónustusamningur við Norðurþing - 1803018**

Lögð fram til síðari umræðu í sveitarstjórn drög að nýjum samningi milli sveitarfélaganna Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar, Norðurþings, Langanesbyggðar, Svalbarðshrepps og Tjörneshrepps um sameiginlegt þjónustusvæði um almenna og sértæka félagsþjónustu. Norðurþing er leiðandi sveitarfélag á þjónustusvæðinu og veitir íbúum, sem eiga lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, þjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu nr. 40/1991 með síðari breytingum, laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 (Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir frá 1. október 2018) og barnavemdarlaga nr. 80/2002.  
Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða.

**14. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga: Aðalfundarboð - 1806029**

Lagt fram aðalfundarboð frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hf. Aðalfundurinn verður haldinn 28. júní 2018 á Fosshótel Húsavík.  
Samþykkt samhljóða að Helgi Héðinsson verði fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfundinum.

**15. Menningarmiðstöð Þingeyinga: Aðalfundarboð 2018 - 1806030**

Lagt fram aðalfundarboð frá Menningarmiðstöð Þingeyinga. Aðalfundurinn verður haldinn 28. júní 2018 á Fosshótel Húsavík.  
Samþykkt samhljóða að Sigurður Guðni Böðvarsson verði fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfundinum.

**16. Skýrsla sveitarstjóra - 1611024**

Sveitarstjóri fór yfir og lagði fram skýrslu um helstu verkefni frá síðasta sveitarstjórnarfund. Skýrslan verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins og dreift í prentuðu eintaki innan sveitar.

**17. Skipulagsnefnd: Fundargerðir - 1611022**

Fundargerð 49. fundar skipulagsnefndar dags. 18. júní 2018 lögð fram.  
Fundargerðin er í 10 liðum.  
Liðir 1, 3, 6 og 7 og hafa þegar verið teknir fyrir í þessari fundargerð undir liðum 7, 8, 9 og 10.  
Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina að öðru leyti samhljóða.

**18. Landeigendur Reykjahlíðar ehf: Málefni hitaveitu - 1802002**

Lagt fram bréf frá Guðmundi H. Péturssyni hrl. fyrir hönd Landeigenda Reykjahlíðar ehf. dags. 5. júní 2018 þar sem áréttaðar eru kröfur um upplýsingar um hitaveitunotkun árin 2013-2017.  
Sveitarstjórn hefur í tvígang hafnað beiðni LR ehf. um bætur. Sveitarstjórn hafnar jafnframt öðrum kröfum sem fram koma í bréfinu að svo stöddu.  
Sveitarstjórn samþykkir hins vegar samhljóða beiðni LR ehf. um fund og viðræður um málefni hitaveitunnar að loknu sumarfríi sveitarstjórnar. Fundurinn verði með öllum landeigendum Reykjahlíðar.  
Helgi Héðinsson vék af fundi við umræður og afgreiðslu málsins.

**19. Náttúrustofa Norðausturlands: Ársskýrsla 2017 - 1806025**

Lagður fram ársreikningur og ársskýrsla um starfsemi og rekstur Náttúrustofu Norðausturlands fyrir starfsárið 2017. Einnig lögð fram skýrsla um ástand fuglastofna í Þingeyjarsýslum árið 2017.

HA

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00**

Helsi H.

Alma Dóttir Bor

Þorsteinnur

Blungrun

Sigurður

Haraldur P. Sigurðsson